

Akureyri 5. mars 2009


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis **frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn**, 258. mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings hefur kynnt sér sjónarmið Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Sambands ísl. sveitarfélaga og vísar til umsagna þeirra um frumvarpið. Stjórnin lýsir sérstaklega yfir áhyggjum af verkefnum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu (4. gr.) er annars vegar verið að flytja verkefni frá þeim til Matvælastofnunar og um leið skerða tekjur þeirra. Hins vegar verið að setja verkefni á heilbrigðiseftirlitin sem fela í sér mikinn kostnaðarauka án þess að séð verði hvernig tekjur koma á móti. Er þá vísað til þess að tekið verði upp markaðseftirlit með dreifingu innfluttra matvæla sem ekki munu lengur sæta innflutningseftirliti.

Vakin er athygli á að ekki hefur verið orðið við þeirri grundvallarkröfu að frumvarpið sé kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögunum.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri